

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í reglubundið eftirlit með dýravelferð og smitvörnum hjá Arctic Sea Farm þann 2. júní 2026.

Sígt var með Svæðisstjóra út á eldissvæði Arctic Sea Farm að Hvannadal í Tálknafirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum á svæðinu. Meðal daglegra starfa var upptaka dauðfisks og sveimara.

Næsta eftirlit verður samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar.

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í þjónustubát	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Fóðurgeymsla	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra (ABP)	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Merkingar (cat2/cat3)	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Meltuvinnsla	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn Arctic Sea Farm hf.
Kennitala viðtakenda 700807-0450
Skoðunarmaður Nancy Rut Helgadóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 1 klst.
Frágangur 3 klst.
Tímar við úttekt 10 klst.
Akstur 4 klst.

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfátnað og skóbúnað. Gestum og eftirlitsaðilum skal afhentur hlífðar- og skófátnaður til notkunar í klak- og eldisrými eldisstöðvar. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða. Hlífðar- og skófátnaður sem starfsmenn eldisstöðva nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega." Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að sjá þrifaátætlun og þrífaskráningu á búningsaðstöðu til þess að geta staðfest að þríf og sótthreinsun fari fram. Gögn þessi bárust ekki og því skráist frávik á þennan hátt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Þríf um borð í þjónustubát**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega." Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að sjá þrífaskráningu um borð í þjónustubát til þess að geta staðfest að þríf og sótthreinsun fari fram. Gögn þessi bárust ekki og því skráist frávik á þennan hátt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Þríf um borð í pramma**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega." Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að sjá þrífaskráningu á pramma til þess að geta staðfest að þríf og sótthreinsun fari fram. Gögn þessi bárust ekki og því skráist frávik á þennan hátt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Fóðurgeymsla**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

15 gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum segir að "Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum eldisstöðvar og vera með sérinngangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við móttöku fóðurs og annarra aðfanga skal gæta að smitvörnum og meindýravörnum. Fóðurgeymsla og aðgengi að henni skal vera hreint og þurr og tryggt að fóður mengist ekki, þannig að eldisdýrum geti stafað smithætta af. Fóðurbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki." Ekki voru til staðar merkingar sem fóru fram á sótthreinsun í fóðurgeymslu. Engin aðstaða var til handsótthreinsunar né fótabaðs við aðkomu að fóðurgeymslu.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

**Dýravelferð- og smitvarnir
Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra (ABP)**

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Matvælastofnun bendir á að samkvæmt 4.gr. reglugerðar 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis kemur fram að: "Fyrirtæki eða stöðvar, sbr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sbr. 1. gr., skulu hafa viðeigandi leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og/eða lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum samkvæmt þeim." Starfsleyfi til meltugerðar í pramma er ekki til staðar.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Í reglugerð evrópusambandsins nr. 142/2011, VIII. viðauka, kafla II, liðum 1 a og b kemur fram að: "Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sendingar af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum séu greinanlegar og geymdar aðskildar og greinanlegar við söfnun þar sem aukaafurðirnar úr dýrum koma frá og við flutning. Merkingarefni til að bera kennsl á aukaafurðir úr dýrum eða afleiddum afurðum í tilteknum flokki sé aðeins notað fyrir þann flokk sem notkun þess er krafist fyrir samkvæmt þessari reglugerð". Í lið 1.c.ii kemur fram að: "ef um er að ræða efni í 2. flokki (annað en áburð og innihald meltingarvegjar), skal merkja með gulum lit." Í lið 2.b.ii í sama viðauka kemur fram að: "ef um er að ræða efni í 2. flokki (annað en áburð og innihald meltingarvegjar) og afleiddar afurðir úr efni í 2. flokki, skal merkja „óhæft í fóður"". Ekki voru til staðar CAT 2 merkingar á búnaði til meltuvinnslu um borð í prammanum Barða. Losunarstútur fyrir meltu um borð í prammanum var heldur ekki merktur með réttum merkingum.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir að fá upplýsingar um mælingar og skráningar á sýrustigi meltu um borð um pramma. Mælingar á sýrustigi eru skráðar með sírita. Gögn um daglegar skráningar á sýrustigi bárust ekki og er því frávik skráð á þennan þátt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Í 6. gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að eftirlitsþega sé skilt að skrá alla lyfjanotkun. Svæfilyf voru geymd í læsanlegum skáp en skráningar á notkun svæfilyfs hafa ekki verið skráðar.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 02/06/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 22/06/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 8 skoðunaratriðum, þar af 0 alvarleg frávik og 8 frávik.

Dýravelferð- og smitvarnir: 14 af 16 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 8 frávik og 0 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|-------------------------|--|--------------------------------------|
| • Verklagsreglur | • Merkingar (cat2/cat3) | • Meltuvinnsla |
| • Heilbrigði fiska | • Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra ... | • Búningsaðstaða og fatnaður |
| • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát | • Þrif um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í pramma | • Fóðurgeymsla | • Dagbókarfærslur |
| • Dauðfiskaskráning | • Viðbragðsáætlanir | • Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Lyfjablandað fóður

Dýravelferð- og smitvarnir - Dauðfiskabúnaður